

Til minnis


Veðurstofa Íslands – Brennisteinsmengun -Leiðbeiningar f. vefsjá-

Eftirfarandi eru einfaldar leiðbeiningar um hvernig á að nota ofangreinda vefsjá sem var sett upp tímabundið á meðan atburðirnir í Bárðabungu/Holuhrauni ganga yfir.

Slóðin á vefsjánnu er hér að neðan (smellið á textan til að opna hana í vafra að eigin vali. Höfundur mælir með Chrome eða Mozilla Firefox en aðrir vaftrar eiga sömuleiðis að duga.

[Veðurstofa Íslands - Brennisteinsmengun](#)

Vefsjáin er í sjálfu sér tiltölulega einföld í hönnun og samsett úr þremur hlutum en til vinstri eru skýringar (1) til hægri er kortaglugginn (2) og neðst á síðunni er tímastíkan (3) (sjá mynd að neðan).



1. Hluti – Innihald og skýringar

Innihald vefsjárinnar er fastmótað og notendur geta ekki kveikt og slökkt á einstaka gagnabækjum. Vefsjáin sýnir skráð tilvik þar sem orðið hefur vart við brennisteinsmengun (brennisteinslykt). Gögnin byggja á skráningum frá almenningi.

Til minnis

Hægt er að smella á hvern punkt sem sést á kortinu til þess að fá nánari upplýsingar fram í sprettiglugga (e. popup window).

2. Hluti – Kortagluggi og stjórnþæki

Það er í sjálfu sér lítið um kortagluggann að segja en stjórnþækin mætti nefna en þau eru helst að hægt er að *hliðra* (e. pan), *þysja nær* og *þysja fjær* (e. zoom in/zoom out) og *fá upplýsingar* (e. information) um skráningar á kortinu.

Hliðra: Haldið inni *vinstri músarhnapp* þangað til bendillinn breytist í kross úr fjórum örvum og *dragið* þá í áttina sem þið viljið færa kortið án þess að sleppa vinstri músarhnappi. Sleppið hnappinum þegar þið eruð sátt við hliðrunina. Endurtakið eftir þörfum.

Þysja nær: Tvær leiðir eru til þess en hægt er að nota færa *skrunhjól* músarinnar *fram* einu sinni til þess að þysja nær um einn mælikvarða. Einnig er hægt að *styðja á plús hnappinn* efst til vinstri í kortaglugganum í sama tilgangi.

Þysja fjær: Hér eru einnig tvær leiðir mögulegar, að færa *skrunhjól* músarinnar *aftur* eða *styðja á mínus hnappinn*.

Fá upplýsingar: Til þess er *smellt á skráningu á kortinu* með *hægri músarhnapp*, eins næst miðju hans og mögulegt er.


Ráðlegging 1:

Ef skilaboð birtast um að ekkert hafi fundist þrátt fyrir að þið sjáið punkt og hafið smellt á miðju hans þysjið þá betur inn að punkti og prófið á ný.

3. Hluti – Tímastikan og tímastjórnun gagna

Tímastikan er aðalatriði vefsjárinnar en með henni stjórnar notandinn hvaða skráningar birtast. Á tímastikunni eru þrjú stjórnþæki *tímabil (1)*, *tímalínan (2)*, *tímafærsla fram* eða *aftur (3)* og *afspilun (4)*. Loks er skýringatexti (5) sem sýnir hvaða tímabil notandinn er að skoða gögn frá (sjá mynd hér að neðan).


Til minnis



2.1 Tímabil

Tímabilið er e.t.v. mikilvægasta stjórnþæki vefsjárinnar því það ræður miklu um birtingu gagnanna í kortaglugganum. Tímabilið er samsett úr tveimur hökum sem notandinn getur fært til á tímalínunni til þess að skilgreina lengd tímabilsins.

Eitt hak er fært í einu til vinstri eða hægri eftir tímalínunni með því að smella og halda hægri músarhnapp inni og draga hakið síðan til. Hökin eru þannig færð sundur eða saman en lengd tímabilsins uppfærast jafnóðum í skýringartextanum fyrir ofan notandanum til hliðsjónar.



Það skal tekið fram að aðeins skráningar sem dagsettar eru á því tímabili, sem notandinn hefur skilgreint, birtast en aðrar skráningar eru ekki sýndar.

Ráðlegging 2:

Þegar tímabili er breytt er best að hliðra kortinu eða þysja einu sinni út eða inn til þess að tryggja að grafíkin á skjánum endurhlaðist örugglega.

2.2 Tímalínan

Tímalínan er fyrirfram skilgreind með ákveðnum upphafstíma og endatíma sem breytt er af sérfræðingum VÍ sé þess þörf. Í augnablikinu nær tímalínan u.þ.b. frá kl 00:01 þann 15. September og til 15. október. Við skulum vona að þetta ástand vari þó ekki svo lengi!

Til minnis

Tímalínunni er svo skipt upp dagsbil (1 dagur hvert bil) frá upphafi til enda hennar. Þessi skipting ræður því hve langar tímafærslur er hægt að framkvæma fram eða aftur með þeim stjórnækjum (sjá næsta lið).

2.3 Tímafærsla – Fram/Aftur

Þegar notandinn er búinn að skilgreina tímabil þá getur hann, með þessum stjórnækjum, fært þetta tímabil fram eða aftur sem nemur einum degi í senn. Smella skal á viðeigandi hnapp með hægri músarhnapp til þess að framkvæma tímafærsluna.



Athugið aftur að það er allt tímabilið sem hliðrast um einn dag fram eða aftur með þessum stjórnækjum.

Ráðlegging 4:

Eftir að tímafærsla hefur verið framkvæmd þá er ráðlagt að þysja inn og út til þess að tryggja að grafík á skjánum endurhlaðist örugglega og skráningarpunktur birtist.

2.4 Afspilun

Notandinn getur valið að spila valið tímabil sjálfkrafa áfram í tímann t.d. ef hann verður þreyttur á að ýta á tímafærsluhnappinn aftur og aftur. Þannig má sjá nokkurs konar myndband af því hvernig skráningar þróast yfir tímabilið. Til að stöðva afspilunina þá skal ýta aftur á afspilunar takkann með hægri músarhnapp.

2.5 Skýringartexti - Dagsetningar og tími

Hér sést nánar hvaða dagsetningar og tíma valið tímabil nær yfir hverju sinni. Skýringartextinn uppfærir sjálfkrafa eftir því hvað notandinn gerir í tímastjórnækjunum. Af þessum skýringartexta má svo ráða hvar tímabilshökin eru staðsett hverju sinni og þar af leiðandi hver lengd tímabilsins er. Til dæmis er tímabilið 10 dagar að lengd samkvæmt skýringartextanum á myndinni hér að neðan.

September 15, 2014 to September 25, 2014

Að lokum vonar Veðurstofa Íslands að almenningur muni njóta góðs af vefsíðunni.

Takk fyrir lesturinn!